

Fyrir andlát

Erfðaréttur

Skyldubundinn erfðarétt eiga niðjar hins látna og makar sem hafa gengið í hjónaband. Sé ekki um skyldubundinn erfðarétt að ræða kemur til frændsemi samkvæmt lögum. Einstaklingi er heimilt að kveða á um erfðarétt í erfðaskrá og kallast slíkt bréferfð. Ef engum skylduerfingjum, lögerfingjum eða erfðaskrá er til að dreifa þá renna eignir hins látna til ríkissjóðs.

Rétt þykir að taka fram í þessu sambandi að ekki er um gagnkvæman rétt sambúðarmaka til erfða. Hvor um sig getur þó kveðið á um slíka erfð í erfðaskrá. Sama gildir um fösturbörn og stjúpbörn en hins vegar taka kjörbörn arf á sama hátt og niðjar.

Erfðaskrá

Erfðaskrá er formbundinn skriflegur löggerningur um hinsta vilja einstaklings. Hver sem orðinn er 18 ára og telst andlega heill getur ráðstafað eignum sínum eftir andlát með erfðaskrá. Erfðaskrá getur tekið til allra eigna einstaklings ef hvorki er um eftirlifandi maka í hjúskap eða börn að ræða. Sé um maka eða börn að ræða er réttur einstaklings takmarkaður við rétt til að ráðstafa eignum sínum í erfðaskrá sem nemur 1/3 af heildareignunum.

Ástæður fyrir því að gera erfðaskrá eru margar og leysa oft áhyggjur þess sem erfðaskrá gerir. Sem dæmi má taka hjón, þar sem um er að ræða eitt barn eða fleiri sem ekki eru sameiginleg, þurfa hjón að tryggja rétt sinn til setu í óskiptu búi með því að kveða á um það í erfðaskrá.

Sama á við standi vilji einstaklings til að veita öðrum en líffræðilegu barni sínu og maka arfsrétt, svo sem stjúpbarni. Í sumum tilfellum vilja einstaklingar enn fremur kveða á um að tiltekin eign verði séreign barna sinna við arfstöku. Sem dæmi um slíkt má nefna að kveðið sé á um það í erfðaskrá að sumarbústaður fjölskyldunnar skuli vera séreign barnanna eftir andlát en færist ekki jafnframt á hendi tengdabarna.

Með gerð erfðaskrár er hægt að ná fram hinum hinsta vilja og um leið takmarka árekstra í kjölfar andláts. Erfðaskrá er nauðsynleg til þess og skal erfðaskráin uppfylla ákveðnar formkröfur. Einföld yfirlýsing hins látna í votta viðurvist nægir því ekki. Strangar reglur gilda um hvernig á að standa að vottun þeirra. Erfðaskrá kann að vera metin ógild ef ekki er farið eftir þeim reglum og því einstaklingi sem vill gera erfðaskrá ráðlagt að leita til sérfræðings við gerð hennar. Hægt er að breyta erfðaskrá, afturkalla eða auka við hana en við breytinguna verður að fylgja sömu reglum. Ef fleiri en ein erfðaskrá eru til staðar og allar teljast gildar samkvæmt lögum er það sú yngsta sem fara skal eftir, ef þær stangast á.

Fyrirframgreiddur arfur

Fyrirframgreiddur arfur er arfur sem einstaklingur á lífi greiðir erfingja sínum. Ganga þarf frá honum með gerð erfðaskrár, erfðafjárskýrslu og greiðslu erfðafjárskatts. Erfðafjárskattur er 10% af því sem greitt er sem fyrirframgreiddur arfur.

Ákvarðanir um kvaðaaarf

Sá sem gerir erfðaskrá er ekki heimilt að setja fram fyrirmæli eða kvaðir í erfðaskrá um að erfingi hans skuli fara með arfshluta sinn á ákveðinn hátt. Þó er til þess sérstök heimild ef verulegar líkur teljast á að arfþegi fari ráðleysislega með hlut sinn. Er þá heimilt að kveða á um að erfingja sé greidd tiltekin fjárhæð af höfuðstól með vissu millibili eða að óheimilt sé að

ráðstafa eign eða leita fullnustu í henni nema með tilteknum hætti. Slíkt ákvæði í erfðaskrá er því aðeins gilt að Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra hafi samþykkt slíka ráðstöfun.

Erfðafjárskattur

Erfðafjárskattur er 10%. Skatturinn er lagður á þegar búið er að samþykkja erfðafjárskýrslu af hálfu viðkomandi sýslumanns. Gjaldþagi erfðafjárskatts er 10 dögum eftir að skýrslan hefur verið samþykkt.

Enginn skattur greiðist af fyrstu 5.000.000 kr. af skattstofni við andlát, en skattfrelsið á þessa fjárhæð á ekki við þegar um fyrirframgreiddan arf er að ræða. Þessi upphæð er endurskoðuð ár hvert skv. vísitölu neysluverðs (sjá 2. gr. laga um erfðafjárskatt nr. 14/2004).

Eftirlifandi maka ber ekki að greiða erfðafjárskatt. Sama gildir um sambúðarmaka sem tekur arf eftir hinn látna samkvæmt erfðaskrá.

Eignir sem hafa verið á nafni hins látna er hægt að færa yfir á erfingja, þegar erfðafjárskattur hefur verið greiddur.

Eftir andlát

Við andlát tekur dánarbúi við skyldum og réttindum hins látna. Dánarbúi er sérstakur lögaðili og skal fara eftir ákveðnum reglum við uppgjör þess.

Við andlát er það skylda erfingja að ganga í að skipta eignum hins látna. Sýslumanni skal tilkynnt með formlegum hætti með hvaða hætti skiptin fara fram eigi síðar en innan fjögurra mánaða frá andláti.

Skipti dánarbús geta farið fram með eftirfarandi hætti:

- 1. Eftirlifandi maki fær leyfi til setu í óskiptu búi.*
- 2. Einkaskipti á dánarbúinu fara fram.*
- 3. Eignir duga aðeins fyrir útfararkostnaði og búið þar með lýst eignalaust.*
- 4. Opinber skipti á dánarbúinu fara fram.*

Á meðan ráðstöfun á eignum dánarbús hafa ekki farið fram eru eignir hins látna í raun frýstar. Aðeins sýslumaður fer með ráðstöfunarrétt yfir eignunum, þ.m.t. innstæðum á bankareikningum hins látna.

Seta í óskiptu búi

Sé skiptum lokið með því að eftirlifandi maki fær leyfi til setu í óskiptu búi, fer eftirlifandi maki einn með ráðstöfunarrétt yfir búinu.

Sambúðarmaki á ekki rétt til setu í óskiptu búi samkvæmt lögum og getur ekki fengið því framgengt með erfðaskrá. Slíkur réttur er aðeins til þeirra sem hafa gengið í hjónaband. Hafi hjón aðeins átt sameiginleg börn er réttur hins langlífari maka skilyrðislaus.

Maka er þó heimilt að kveða svo á um í erfðaskrá að hinn langlífari skuli ekki eiga rétt á setu í óskiptu búi og ber þá að synja um rétt til setu í óskiptu búi.

Hafi hinn látni átt börn sem ekki eru börn langlífari maka, er rétturinn til setu í óskiptu búi háður samþykki þeirra barna nema fyrir liggi erfðaskrá sem kveður á um rétt langlífari makans til setu í óskiptu búi.

Sé erfðaskrá ekki til að dreifa þá á langlífari maki rétt til setu í óskiptu búi ef hann fer með forsjá eða lögráð ófjárráða stjúpbarna eða niðja sinna, ella þarf hann samþykki forsjárforeldris eða lögráðamanns barnanna.

Að sitja í óskiptu búi merkir að eignum og skuldum hins látna verður ekki skipt milli erfingja heldur tekur eftirlifandi maki við þeim. Hinn látni hefur þannig einn ráðstöfunarrétt yfir hinu óskipta búi og geta eignir búsins hvort sem er rýrnað eða aukist á meðan seta í óskiptu búi varir. Niðjar eiga því ekki tilkall til ákveðinna eigna og/eða fjármuna við andlát hins langlífari maka, heldur eiga ákveðið hlutfall af eignum, miðað við eignastöðu þeirra við andlát hins langlífari maka.

Einkaskipti

Með einkaskiptum er átt við það að börn, og eftir atvikum maki, og aðrir erfingjar samkvæmt erfðaskrá ef við á, óska eftir því við viðkomandi sýslumann að þeir ætli sjálfir að bera ábyrgð á skiptum á dánarbúinu og beri þannig ábyrgð á öllum skuldbindingum þess. Erfingjar bera þar með alla ábyrgð á skuldum hins látna, jafnt þeim skuldum sem kunnugt er um og þeim sem ókunnugt er um við andlát viðkomandi.

Erfingjar sjá sjálfir um skiptingu eigna búsins og gera upp skuldir þess. Erfingjar geta því selt eignir þess, til dæmis fasteignir og tekið út af bankareikningum hins látna. Erfingjarnir eiga að gera þetta í sameiningu og vera sammála um hvað komi í hlut hvers og eins erfingja. Hægt er að veita þriðja aðila umboð til að halda utan um skiptin fyrir hönd erfingjanna.

Til að ljúka skiptum formlega þarf að upplýsa um uppgjör á dánarbúinu með skil á erfðafjárskýrslu til viðkomandi sýslumanns og greiða erfðafjárskatt. Ef eignir eru óverulegar, þá getur viðkomandi sýslumaður ákveðið að ekki sé nauðsynlegt að gera einkaskiptagerð ef nægar upplýsingar koma fram í erfðafjárskýrslu.

Á grundvelli erfðafjárskýrslunnar er erfðafjárskattur lagður á og er hann 10%. Enginn skattur greiðist þó af fyrstu 5.000.000 kr. af skattstofni. Það merkir það að ef erfingjarnir eru tveir, og heildararfur erfingja er kr 15.000.000, þá er arfur til hvors 7.500.000 kr. Skattstofn viðkomandi lækkar um 2.500.000 kr. og erfðafjárskattur reiknast þá af kr. 5.000.000. Eftirlifandi maka ber ekki að greiða erfðafjárskatt. Sama gildir um sambúðarmaka sem tekur arf eftir hinn látna samkvæmt erfðaskrá. Eignir sem hafa verið á nafni hins látna er hægt að færa yfir á erfingja, þegar erfðafjárskattur hefur verið greiddur. Gjaldtagi erfðafjárskatts er 10 dögum eftir að skýrslan hefur verið samþykkt.

Yfirleitt fá erfingjar um eitt ár til að ljúka skiptum dánarbús frá því að leyfi til einkaskipta er gefið út.

Þessi leið er háð samþykki allra erfingja, ella verður að fara í opinber skipti.

Opinber skipti

Erfingjar geta krafist opinberra skipta á dánarbúi vilji þeir ekki gangast undir það að bera ábyrgð á öllum skuldbindingum búsins. Erfingjar geta líka farið þessa leið ef ágreiningur er á milli erfingja og líklegt þykir að erfitt verði að komast að samkomulagi um skipti búsins. Sýslumaður getur að auki krafist opinberra skipta hafi erfingjar ekki brugðist við áskorun sýslumanns um að hefjast handa við skipti. Hver erfingi fyrir sig á rétt á því að krefjast þess að opinber skipti fari fram og nægir að einn þeirra fari fram á það.

Til að krefjast opinberra skipta skal senda beiðni til þess héraðsdómstóls þar sem hinn látni átti síðast lögheimili. Beiðnin er svo tekin fyrir í sérstöku réttarhaldi og í framhaldinu kveðinn upp úrskurður og dánarbúinu skipaður sérstakur skiptastjóri. Skiptastjóri ber ábyrgð á að framkvæma skiptin og er kostnaður af störfum hans greiddur af eignum dánarbúsins.

Skiptastjóri hefur skiptin á að boða erfingja á sinn fund.

Ef erfingjar lýsa því yfir að þeir taki ekki ábyrgð á skuldbindingum búsins gefur skiptastjóri út innköllun sem birt er tvisvar sinnum í Lögbirtingablaði. Í innköllun er skorað á þá sem telja sig eiga kröfur á hendur búinu að lýsa kröfum sínum fyrir skiptastjóra innan tveggja mánaða frá því að innköllunin birtist í fyrra skiptið.

Þegar skiptastjóri hefur lokið við að greiða allar kröfur á hendur dánarbúi eða tekið frá fjármuni til þess að mæta þeim getur hann lokið opinberum skiptum með úthlutun til erfingja. Sé ágreiningur fyrir hendi getur skiptastjóri þurft að vísa ágreiningi erfingja til héraðsdóms til úrlausnar.

Þá þarf að hafa í huga að hafi erfingjar ekki lýst yfir ábyrgð á skuldbindingum dánarbús við opinber skipti og í ljós kemur eftir lok kröfulýsingarfrests að eignir þess nægja ekki fyrir skuldum, þá verður úthlutað úr dánarbúinu upp í kröfur eins og um þrotabú væri að ræða.

Eignalaust bú

Hægt er að lýsa því yfir gagnvart sýslumanni að hinn látni hafi ekki átt neina fjármuni eða aðrar eignir umfram kostnað við útför og er þá hægt að ljúka skiptum strax.

Útfararkostnaður

Við andlát fellur til kostnaður við útför hins látna. Heimilt er draga þann kostnað frá þeim eignum sem koma til arfsúthlutunar. Því er mikilvægt að halda utan um kvittanir vegna alls útlagðs kostnaðar við útför hins látna. Aðeins er heimilt að tilgreina kostnað vegna þess einstaklings sem útförin á við um, þ.e. kostnaður vegna skammlífari maka kemur ekki til frádráttar nema um ógreidda kröfu sé að ræða.

Skuldir dánarbús

Til lækkunar á eignum búsins sem koma til arfsúthlutunar eru skuldir hins látna á dánardegi. Skuldir sem falla til eftir dánardag koma ekki til lækkunar á arfi.

Skattskylda dánarbús

Þar sem við andlát einstaklings stofnast sérstök lögpersóna, dánarbú, þá ber það sjálfstæða skattskyldu og fer álagning á dánarbú eftir þeim álagningarreglum sem gilda um lögaðila.

Dánarbú sætir samkvæmt núgildandi skattalögum 37,6% skattlagningu.

Skattskyldu dánarbús lýkur við skiptalok hjá sýslumanni svo sem með leyfi til setu í óskiptu bú eða þegar erfðafjárfjárskýrsla hefur verið samþykkt af hálfu sýslumanns.